

Vinnuhópur í 1. og 2. bekk

Á haustdögum settist hópurinn saman í nokkur skipti og ræddi vítt og breytt um námsmat, hverju við vildum helst breyta og hvaða nýjungar við vildum innleiða. Mikil áhersla var lögð á að taka lítil skref í einu og ætla sér ekki um of. Byrja smátt og auka svo við eftir því sem ný vinnubrögð festast í sessi. Að lokum var ákveðið að einbeita sér að eftirtöldum atriðum sem við töldum að hentuðu vel þegar um kennslu yngri barna er að ræða:

- Notkun gát- og marklista í kennslu sem hluta af námsmati
- Notkun sýnismöppu sem hluta af námsmati

Í 1. og 2. bekk var ákveðið að hefjast handa við að safna völdum verkefnum í sýnismöppu og er þá aðallega um að ræða sýnishorn af vinnu nemandans og á hún þegar fram líða stundir á að gefa raunsanna mynd af þroska- og námsferli viðkomandi. Ákveðið var að styðjast við verklýsingu um sýnismöppur sem finna má á vef Vigfúsínu Jónsdóttur www.vigfusina.is.

Þá var ákveðið að nota marklista til að meta félagshæfni nemenda í 1. og 2. bekk að hausti og vori. Einnig á að nota marklista í tónmennt. Þá ætla kennarar að nýta sér gátlista í meira mæli en áður.

Hvernig tókst til

Kennarahópurinn telur að vel hafi tekist til og námsmat sé nú með fjölbreyttara sniði en áður. Allir hafa nýtt sér gát- og eða marklista í meira mæli en áður og sýnismöppur eru orðnar að veruleika í 1. og 2. bekk.

Sýnismappa og marklisti úr tónmennt og textilmennt var notaður í foreldraviðtölum í október og janúar í 2. bekk og var almenn ánægja hjá foreldrum með hvort tveggja. Sýnismappa, marklisti úr tónmennt og sjálfsmatsblað úr textilmennt var notað í foreldraviðtölum í 1. bekk í janúar.

Marklisti í tónmennt var einnig notaður í foreldraviðtölum í janúar í öðrum bekkjum eða 3. – 7. bekk. Marklistar eru notaðir mánaðarlega í textilmennt í 1. og 2. bekk. Þá hefur sjálfsmat nemenda á verkum sínum og líðan aukist til muna og er orðinn eðlilegur þáttur í skólastarfinu.

Hvað tókst sérlega vel:

- Marklistar í tónmennt: Kennara fannst hann geta betur fylgst með framförum nemenda og komið til skila til foreldra þeim markmiðum sem keppt er að.
- Sýnismöppur: Gefa foreldrum og kennurum góða mynd af þroska- og námsferli nemenda.
- Sjálfsmat nemenda: Nemendur leggja sig betur fram þegar þeir þurfa sjálfir að meta hvernig til hefur tekist. Foreldrum gefst betra tækifæri til að ræða við barnið sitt um vinnubrögð, líðan og hegðun.
- Nemendur áhugasamir um þau verkefni sem eru í möppunni.

Hvað gekk ekki eins vel:

- Tímafrekara en kennarar bjuggust við í upphafi, bæði að safna gögnum í sýnismöppu og finna eða búa til ákjósanlega gát- og marklista.
- Erfitt fyrir nemendur 1. bekkjar að vinna sjálfsmat.